

3. verkefni – *Daglegt líf á landnámsöld*

Markmið: Að nemendur kynnist því hvernig fornleifar veita upplýsingar um lífið fyrr á öldum.

Færnimarkmið: Að þjálfar rökhugsun og kenningasmíði.

Markmið nemenda: Nemendur læra um ýmsa þætti daglegs lífs á landnámsöld og geta svarað spurningum um tímabilið og fært rök fyrir svari sínu.

Lýsing á verkefninu

Verkefnið er í formi tölvuleiks. Þar spyrja fornleifafræðingarnir Urður og Steingrímur um ýmsa þætti daglegs lífs. Markmið leiksins er að safna múrskaiðum, en þær eru helsta verkfæri fornleifafræðinga. Við hverja spurningu eru þrjú svarmöguleikar. Sé rétt svar valið birtast frekari upplýsingar um viðfangsefnið. Sé smellt á rangan valkost koma skilaboð um að reyna aftur.

Undirbúningur og leiðbeiningar

Leikinn er hægt að spila á tölvu. Sækja þarf viðeigandi útgáfu á vef verkefnisins.

Tillaga að námsmati

Huglægt mat kennara.

Lykilhugtök

Brjóstnæla/ kúpt næla: Brjóstnælur voru algengar í Skandinavíu á víkingaöld. Hér á landi hafa flestar fundist í kumlum en einnig við aðrar fornleifarannsóknir. Nælurnar eru aflangar og kúptar í laginu og skreyttar með ýmsu munstri eða skrautvirki. Þær voru bornar tvær saman, hvor sínu megin á brjóstinu eða á öxlum. Nælurnar voru yfirleitt steiptar úr látúni eða bronsi.

Brýni: Brýni voru meðal mikilvægustu verkfæra á öldum áður. Þau voru notuð til þess að brýna hnífa, axir, örvar, ljái, nálar, skæri og önnur járnverkfæri eða vopn. Brýni voru yfirleitt gerð úr flögubergi. Flöguberg finnst ekki á Íslandi og voru flest brýni þess vegna innflutt. Brýni voru talin verðmæt eign og voru notuð í vöruskiptum. Þau eru algengur fundur í fornleifarannsóknum á Íslandi og voru í notkun alveg fram á 20. öld.

Geirfugl: Geirfuglinn var stór fugl og ófleygur og þess vegna auðveld bráð. Bein geirfugla hafa fundist við fornleifarannsóknir sem staðfestir að þeir voru hafðir til matar á landnámsöld. Geirfuglar eru útdauð tegund en síðustu fuglarnir voru veiddir árið 1844.

Gjóskulag/gjóska: Gjóskulög, einnig þekkt sem gjóska, eru mynduð úr ösku og gosefnum sem koma úr eldgosum. Þau dreifast með vindi og leggjast yfir land og mannvirki. Vitað er hvenær flest stór eldgos á Íslandi voru og því hægt að aldursgreina gjóskulögin. Ef gjóskulag er undir fornminjunum vitum við að minjarnar eru yngri en gjóskulagið. Ef gjóskulagið er ofan á þeim er ljóst að minjarnar eru eldri en gjóskulagið.

Grýta: Grýtur eru ílát sem höggvin eru úr steini og voru notuð við matargerð. Það hafa fundist fjölmörg brot úr grýtum við fornleifarannsóknir. Þau finnast oft í eða við eldstæði. Flestar grýtur eru úr klébergi en það er bergtegund sem er mjög auðvelt að höggva til og móta. Kléberg finnst ekki á Íslandi og því þurfti að kaupa það erlendis frá, yfirleitt frá Noregi, Grænlandi eða Hjaltlandseyjum.

Hnefatafl: Hnefatafl var spilað á landnámsöld. Taflmenn úr spilinu hafa fundist við fornleifarannsóknir. Þeir frægustu eru kenndir við Baldursheim í Mývatnssveit og fundust í kumli. Í settinu eru 24 taflmenn, einn hnefi sem skorinn er út í mannsmynd og teningur. Ekki er vitað með vissu hvernig hnefataflið var spilað. Líklega gekk það þannig fyrir sig að einn leikmaður sótti að hnefanum en hinn varði hann.

Kljásteinn: Kljásteinar voru notaðir við vefnað. Steinarnir voru hengdir neðan í vefinn til að halda honum strekknum á vefstólnum. Kljásteinar þekkjast á því að gat er á þeim þar sem bandið var þrætt í gegn. Kljásteinar finnast oft margir saman þar sem vefstaðurinn stóð.

Kola: Kola er samheiti yfir ýmsar gerðir lýsislampa (sjá einnig um lýsislampa). Orðið kola vísar þó gjarnan til lýsislampa úr steini, þó að forskeytinu stein- sé sleppt. Steinkolur voru oftast gerðar úr kringlóttum og ávölum steinum og grunn skál klöppuð í þá. Sumar kolur voru úr innfluttum og auðunnum steini, eins og klébergi. Þær kolur eru oft meira mótaðar og hafa jafnvel nef eða vör þar sem kveikurinn var látinn liggja í. Steinkolur hafa fundist í minjum allt frá landnámsöld.

Kotra: Kotra er spilapeningur úr kotruspili, einnig þekkt sem *backgammon*. Spilið barst til landsins á 11. eða 12. öld, líklega frá Frakklandi.

Kuml: Grafir úr heiðnum sið nefnast kuml. Í þeim er yfirleitt haugfé sem lagt var í gröfina með hinum látna. Það bendir til þess að fólk trúði því að sá hann ætti sér ferð fyrir höndum eða framhaldslíf. Haugféð er af ýmsum toga. Meðal þess sem fundist hefur eru sverð, skartgripir, hnífar, önglar, hárkambar, taflmenn og ílát. Allt eru þetta hlutir sem áttu að nýtast í framhaldslífina. Í sumum kumlum hafa fundist bein hesta og hunda. Hinn látni tók þá reiðskjótann sinn eða hundinn með í framhaldslífið.

Kvarnarsteinn: Kvarnarsteinar voru notaðir til að mala korn. Þeir voru oftast hringlaga og tveir saman. Á þeim efri var gat í gegnum miðjuna. Þar var korn látið ofan í og steininum snúið með handfangi. Malaðist kornið þá á milli steinanna.

Landnámsöld: Með hugtakinu landnámsöld er átt við tímabilið frá landnámi Íslands skömmu fyrir árið 871 fram til ársins 930.

Langeldur: Í skálunum miðjum var eldstæði, nefnt langeldur. Langeldurinn var líkt og nafnið gefur til kynna aflangur í laginu. Eldstæðið var oft á tíðum afmarkað með steinum sem snéru upp á rönd og í botni þess var gjarnan flatur steinn sem eldurinn var byggður ofan á. Langeldurinn þjóðnaði fjölbreyttum tilgangi. Hann veitti birtu og yl í húsið og yfir honum fór matseld fram. Eldstæði eru auðgreinanleg í fornleifarannsóknum. Steinar í þeim eru oft sprungnir vegna hita og í þeim eru gjarnan aska, móaska og kolaleifar.

Lýsislampi: Lýsislampi er ein gerð af kolu (sjá að framan), og er líkt og nafnið gefur til kynna lampi sem notar lýsi sem eldsneyti. Orðið vísar oftast í ákveðna gerð ljósfæris sem var í laginu eins og skál með stút og var steipt úr kopar. Þessi tegund gengur einnig undir nafninu grútarlampi. Hún hafði tvöfalda skál, yfir og undirlampa, og upphöldur svo hægt væri að hengja lampann upp. Hægt var að hækka efri skálina að aftan og láta hana halla fram svo lýsið rynni fram í nefið þegar lækka tók í lampanum. Kveikurinn var úr fifu sem týnd var síðla sumars, þurrkuð og snúin í kveik. Notkun lýsislampa lagðist almennt af um 1870-1880 þegar olíulampar komu til sögunnar.

Rúnaletur: Á landnámsöld var ritað með rúnalettri. Það er þekkt undir nafninu *fupark* sem eru fyrstu rúnirnar í stafrófinu. Til eru margar gerðir rúnaleturs en hér á landi var fyrst og fremst notast við *yngra fupark*. Rúnir voru ristar á ýmsa hluti, yfirleitt úr stein eða timbri.

Sáfar: Sár er annað heiti yfir tunnu, en sáir voru m.a. notaðir til geymslu matvæla. Far sem slíkir sáir skilja eftir sig nefnast sáför. Sáför finnast stundum við fornleifarannsóknir þó að tunnurnar og innihald þeirra séu löngu horfnar.

Skáli: Íbúðarhús (langhús) hlaðið úr torfi eða torfi og grjóti. Skálar voru aflangir í laginu með örlítið bogadregnum veggjum. Þeir voru helsta húsgerðin hér á landi frá landnámi fram á 14. öld.

Snældusnúður: Snældusnúður er hluti af halasnældu sem notuð var til þess að spinna þráð fyrir vefnað eða textílgerð. Snældusnúðar eru flestir hringlaga með gati í miðju þar sem mjóum tréteini er stungið í gegn, svonefndum hala, en þeir finnast sjaldnar í uppgröftum. Snældunni var svo snúið til að vinda upp á sjálfan þráðinn. Lítil snúður snýst hraðar en stór og gerir hann því þéttari og sterkari þráð en sá stóri sem gerir þykkara band. Snældusnúðar voru ýmist gerðir úr steini, blýi, beini, leir eða tré og voru flatir að neðan en kúptir að ofan.

Stoðarholur: Stoðarholur eru för eftir stoðirnar sem héldu uppi þaki skálanna. Stoðarholur finnast oft við fornleifarannsóknir. Þær veita mikilvægar upplýsingar um byggingarlag hússins. Timbur var verðmætur varningur á landnámsöld og voru stoðirnar því yfirleitt fjarlægðar þegar hús voru yfirgefin. Að auki varðveitist viður oft á tíðum illa í gegnum aldirnar. Þess vegna er sjaldgæft að finna stoðirnar sjálfar við fornleifarannóknir.

Torf: Grassvörður eða yfirborðslag í mýrum eða á valllendi, oft seigt af rótarflækjum. Torf var eitt mikilvægasta byggingarefni á Íslandi allt fram til loka 19. aldar. Mismunandi heiti eru notuð yfir einingar af torfi eftir því hvernig það var skorið, t.d. strengur, klambra/klömbruhnaus, snidda eða kvíahnaus.

Skjöl sem fylgja verkefninu

Daglegt líf á landnámsöld - leikur fyrir PC-tölvur.

Daglegt líf á landnámsöld - leikur fyrir Mac-tölvur.